

Sandkorn

Árshátíðarblað Grunnskólans í
Sandgerði 2015



Vöxtur—Vilji—Virðing—Vináttá



Efnisyfirlit:

Í blaðinu:

- **Spurningakeppni vina**
- **Viðtal við starfsfólk**
- **Viðtal við nemendaráð**
- **Vorferðalagið**
- **Hollráð Sebastians**
- **Íþróttamaður ársins**
- **Stóra upplestrarkeppnin**
- **Hver segir hvað**
- **Framtíðarspá**
- **Kennaraljóð**
- **og m. fl.**

Ritstjórn Sandkorns:

Sandra Dís Arnarsdóttir
Stefán Ari Bjarnason
Sunna Líf Ingadóttir
Svavar Steinn Guðnason
Tanja Ýr Ásgeirsdóttir
Þorgils Haukur Björgvinsson
Þórlindur Jóhannsson

Ábyrgðamaður og umbrot:
Hlynur Þór Valsson

Við gerð þessa blaðs fengum við tækifæri til þess að kynnst nemendum og starfsfólki skólans betur. Það er hollt og gott að gefa sér tækifæri til að sjá og kynnst fólki frá öðru sjónarhorni en maður sér það dags daglega.

Við hvetjum yngri nemendur til þess að vera virkir í félagsmálum og taka þátt í gerð skólablaðsins því það er mikilvægt að skrá niður og skjalfesta minningar okkar í skólanum. Þetta verður gulls ígildi þegar við verðum eldri.

Við vonum að þið hafið gagn og gaman af þessu blaði og skemmtið ykkur vel á árhátíðinni.

Kveðja ritstjórn
Sandkorns



Ritstjórn Sandkorns. Efri röð f. v.: Svavar, Stefán og Þórlundur. Neðri röð f. v.: Sunna, Tanja og Sandra. Á myndina vantar Þorgils Hauk.

Móttaka á sal í upphafi skólaárs, gull í hús!

Ingibjörg Fríða Margeirsdóttir úr 10. BB fór með ÍF (íþróttasambandi fatlaðra) til Antwerpen í Belgíu að keppa í sundi á Special Olympics 2014. Hún æfir sund með íþróttafélaginu NES í Reykjanesbæ. Hún náði þeim frábæra árangri að vinna til þriggja verðlauna, fékk gull í baksundi, silfur í skriðsundi og brons í liðakeppni.





Hvað veistu um vin þinn?

Maður er manns gaman og það gefur lífinu lit að eiga góðan vin í raun. Bláðamenn Sandkorns gengu um ganga skólans og gripu vini og vinkonur í spjall og fengu nemendur til að svara spurningum til að komast að hversu mikið þeir vita í raun hver um annan.

Þær Rakel Rós Ágústsdóttir og Rebekka Rún Engilbertsdóttir í 10. BB ríða á vaðið í spurningakeppni vinanna.

Rebekka um Rakel

(Rétt svör Rakelar eru í sviga eftir spurningarnar.)

1. Hver er eftirlætis liturinn hennar? (Gulllitaður)

Gulllitaður.

2. Hver er eftirlætis maturinn hennar? (Humar)

Nautasteik með bernaise sósu og frönskum.

3. Ronaldo, Neymar Eða Messi ? (Ronaldo)

Ronaldo?

4. Eftirlætis íþrótt? (Dans)

Segjum bara ballet.

5. Eftirlætis lið? (Chelsea)

Chelsea.

6. Kobe Bryant eða LeBron James ? (LeBron James)

Kobe Bryant.

7. ASAP Mob eða Taylor gang. (ASAB Mob)

Hvað er það?

8. Eftirlætis þættir (2 Broke Girls og Modern Family)

Man það ekki... segjum bara 2 Broke Girls.

9 Eftirlætis mynd. (Veit það ekki)

The Big Wedding.



10. Hvað vill hún verða í framtíðinni? (Veit ekki)

Hún vill verða leikari.

11. Apple eða Android? (Apple)

Apple.

12. Hvert er eftirlætis lagið hennar? (Veit það ekki)

Eitthvað með Beyonce.

13. Hvaða dýr er í uppáhaldi hjá henni? (Köttur)

Kettir.

14. Upphálts leikari/leikkona? (Jennifer Lawrence)

Jennifer Aniston.

15. Hvaða tölvuleik spilar hún helst? (Sims)

Hún spilar ekki mikið af leikjum.

16. Hvaða söngvara/sönkonu heldur hún mest uppá? (Rihanna)

Beyonce.

17. Justin Bieber eða 1D? (Justin Bieber)

Justin Bieber.

18. Chrome eða Firefox? (Chrome)

Chrome.

19. Hversu lengi hafið þið verið vinir? (Síðan 3 ára)

Síðan við vorum litlar.

20. Eftirlætis bók? (Veit það ekki)

Bækurnar um Flatbrjósta nunnuna.

Rakel um Rebekku.

(Rétt svör Rebekku eru í sviga eftir spurningarnar.)

1. Hver er eftirlætis liturinn hennar? (Blár)

Allir litirnir.

2. Hver er eftirlætis maturinn hennar? (Grjónagrautur)

Hrísgrjónagrautur.

3. Ronaldo, Neymar Eða Messi? (Messi)

Held Messi.

4. Eftirlætis íþrótt? (Ballet)

Ég held að það sé dans.

5. Eftirlætis lið?(Barcelona)

Barcelona.

6. Kobe Bryant eða LeBron James? (Kobe Bryant)

LeBron James.

7. ASAP Mob eða Taylor gang? (?)

ASAP Mob eða eitthvað.

8. Eftirlætis þættir? (American Horror Story)

American Horror Story örugglega.

9 Eftirlætis mynd? (Titanic)

Titanic ? HAHAHA.

10. Hvað vill hún verða í framtíðinni? (Veit ekki)

Hún vill örugglega verða lögfræðingur.

11. Apple eða Android? (Apple)

Apple.

12. Hvert er eftirlætis lagið hennar? (Fix You – Coldplay)

Eitthvað með Artic Monkeys.

13. Hvaða dýr er í uppáhaldi hjá henni? (Kettir)

Það er köttur.

14. Uppáhalds leikari/leikkona? (Jennifer Aniston)

Jennifer Lawrence eða.. nei, ég veit það ekki.

15. Hvaða tölvuleik spilar hún helst? (Man ekki hvað hann heitir)

Call Of Duty.

16. Hvaða söngvara/sönkonu heldur hún mest uppá? (Ed Sheeran)

Artic Monkeys.

17. Justin Bieber eða 1D? (justin Bieber)

Justin Bieber.

18. Chrome eða Firefox? (Chrome)

Chrome.

19. Hversu lengi hafið þið verið vinir? (Síðan 2 ára)

Síðan við vorum litlar.

20. eftirlætis bók? (Elenora Parks)

Elenora Parks.



Það er hefð í Grunnskólanum í Sandgerði að nemendur 9. bekkjar efli bekkjarandann og rækta vináttu innan hópsins með því að sækja Skagafjörðinn heim og upplifa ævintýri saman þar. Sandra Dís Arnarsdóttir rifjar upp ferð útskriftarárgangs skólans í ár.



Vorferð 9. bekkjar hófst snemma á sunnudagsmorgni þann 1. júní 2014. Við fórum með rútu í Skagafjörð að félagsheimilinu Ljósheimum og þar komum við farangri okkar fyrir því hér skyldi heimili okkar vera næstu daga.

Eftir að við vorum búin að koma okkur fyrir fórum við í klettasig. Það var mjög gaman og þrælsþennandi en þó voru ekki allir sem höndluðu þessa spennu þannig að nokkrir treystu sér ekki í sigið. Þar á eftir fórum við í leirdúfuskotfimi þar sem við fengum að skjóta af byssu.

Eftir langan dag fórum við á pizzuhlaðborð í Ólahúsi og þar var okkur boðið upp á ljómandi bragðgóða pizzu. Þegar við vorum búin að borða fórum við aftur upp að Ljósheimum þar sem við gerðum blómakransa og spiluðum fótbolta. En þar sem við erum svo „heppin“ bekkur lentum við í því (ó) skemmtilega atviki að sparka boltanum í rúðu sem brotnaði við það. Æðisleg byrjun á ferðalagi. Fljótlega eftir það var farið upp í rúm að sofa.

Næsta dag vöknuðum við við yndisfagra tóna sem ómuðu um húsið þegar Bylgja söng morgunsönginn fyrir okkur. Sumir voru ekki jafn morgunglaðir og aðrir og neituðu að fara á fætur. Eftir langa erfiða morgunstund hófum við ferðina upp að Drangey. Þegar þangað var komið byrjuðu strákarnir á að fara upp í Drangey á meðan stelpurnar fóru á bát að veiða og svo skiptum við og stelpurnar fóru í Drangey og strákarnir að veiða. Til að gera þetta meira spennandi hófum við keppni á milli kynja hver gæti veitt meira og strákarnir unnu þá keppni.

Upp í Drangey skoðuðum við fuglalífið og hlustuðum á sögur um Grettir sterka. Áður en haldið var til baka fóru sumir í Grettislaug og slökuðu á. Þegar við komum aftur í félagsheimilið græjuðum við okkur fyrir hestaferðina sem var næst á dagskrá. Okkur var skipt niður í tvo hópa þar sem annar hópurinn fór í hópleiki á meðan hinir fóru í hestaferð og svo var skipt. Eftir það var haldið til baka og við horfðum saman á bíómynd.

Þriðjudagurinn var æðislegur morgun þar sem við vöknuðum við brunabjölluna, en sem betur fer var þetta ekki alvarlegra en svo að einhver í eldhúsinu brenndi morgunmatinn okkar. Eftir morgunmat héldum við af stað til Akureyrar en stoppuðum við í tæknifjósi þar sem við fengum meðal annars að sjá hvernig mjaltir fara fram og fengum að smakka mjólk beint úr kúnni. Þegar við komum til Akureyrar fórum við á flugsafn og skoðuðum gamlar flugvélar, fórum í keilu, í sund, gengum upp að Akureyrarkirkju og töldum þrepin, fengum frítíma á Akureyri sem við nýttum í að skoða okkur um, versla ofl. Áður en við héldum heim á leið fórum við út að borða á Greifanum og keyptum okkur Brynjuís. Einnig fórum við í paintball og komum við á bílasafni þar sem við völdum flottasta bílinn og tókum myndir. Þegar við vorum komin aftur upp í Ljósheima varð smá óhapp í skopparaboltaleik þar sem einn drengurinn skall með andlit sitt í borð og fékk skurð á vör sem þurfti að sauma en hann hafði meiri áhyggjur af vesalings skopparaboltanum sem týndist. Eftir þetta fóru allir hálf sjokkeraðir að sofa.

Síðasta daginn okkar í þessu ferðalagi fórum við í riverrafting í vestri Jökulsá. Í miðri siglingu stoppuðum við og fengum kakó og hoppuðum í ána af kletti. Við enduðum ferðina á því að stoppa í bústað og hittum þar skipuleggjendur ferðarinnar og borðuðum með þeim kvöldmat.

Það sem er eftirminnilegast úr þessari ferð er sameiginleg ást okkar allra á Oreo kexi sem við keyptum í næstum hverri sjoppu sem við stoppuðum í.

Kveðja

Sandra Dís Arnarsdóttir



Það er samdóma álit ritstjórnar Sandkorns að skólinn okkar er afar vel mannaður, sama hvort það eru nemendur eða starfsfólk. Við tókum nokkra starfsmenn tali og spurðum mis kvikindislegra spurninga.


Oddný

Hver er uppáhalds nemandinn í 10.bekk? Þið eruð öll æðisleg.

Hvað er skemmtilegast við starfið? Þið krakkarnir

En leiðinlegast? Þriffin.

Hvað vildir þú verða áður en þú byrjaðir hér? Maður var ekki svo mikið að spá í það, maður var bara að vinna.



Hvað er uppáhaldsfagið þitt? Íslenska

Hver er uppáhalds starfsmaðurinn þinn? Þær eru allar frábærar sem ég er að vinna með.

Er gaman að þrifa skólann? Ekkert sérstaklega.

Hver er besti vinur þinn innan starfsmannahópsins? Við erum allar ágætir vinkonur.

Hvernig finnst þér maturinn í skólanum? Mér finnst hann bara ágætur.

Hvern forðast mest á göngunum? Hahaha, ég forðast ekki nokkurn mann.



Bylgja

Hver er uppáhalds nemandinn í 10.bekk? Allir .

Hvað er skemmtilegast við starfið? Nemendurnir.

En leiðinlegast? Agamál.

Hvað vildir þú verða áður en þú byrjaðir hér? Var að hugsa um að vera prestur, vélstjóri eða líffræðingur.

Afhverju varstu kennari? Á auðvelt með samskipti og finnst gaman að nemendum.

Hvað er uppáhaldsfagið þitt? Náttúrufræði og íslenska.

Hver er uppáhalds starfsmaðurinn þinn? Amma Tóta.

Hvaða árgangur sem þú hefur kennt er skemmtilegastur? Allir sem ég hef kennt.

Hver er besti vinur þinn innan starfsmannahópsins? Þórunn og Ragga, en það eru allir vinir mínir.

Hvernig finnst þér maturinn í skólanum? Oftast góður.

Hvern forðast mest á göngunum? Þessi er góður hahah, þeir sem ganga hægra megin á móti umferð.



Harpa

Hver er upphalds nemandinn í 10.bekk? Get ekki gert upp á milli þeirra.

Hvað er skemmtilegast við starfið? Vera með nemendum.

En leiðinlegast? Ekkert.

Hvað vildir þú verða áður en þú byrjaðir hér? Veit það ekki, hef alltaf verið ræstingardama.

Hvað er upphaldsfagið þitt? Ræstingar, hahah.

Hver er upphalds starfsmaðurinn þinn? Geri ekki upp á milli starfsmanna.

Er gaman að þrifa skólann? Jaa...

Hver er besti vinur þinn innan starfsmannahópsins? Allir vinir.

Hvernig finnst þér maturinn í skólanum? Góður.

Hvern forðast mest á göngunum? Engan.

Örn Ævar

Hver er upphalds nemandinn í 10.bekk? Hahaha, enginn, ég get ekki svarað því.

Hvað er skemmtilegast við starfið? Vita aldrei hvað gerist næst.

En leiðinlegast? Nemendur sem nenna ekki að gera það sem þeim er sagt að gera.

Hvað vildir þú verða áður en þú byrjaðir hér? Atvinnumaður í golfi.

Afhverju varstu kennari? Ég slysaðist í starfið. Ég ætlaði aldrei að verða kennari en þegar ég kom heim úr námi þá opnaðist staða. Það var kennari í Árbæjarskóla sem datt og mjaðmabrotnaði, það vantaðir kennara strax og ég var bara þarna á svæðinu og hef ekki hætt síðan.

Hvað er upphaldsfagið þitt? Stærðfræði.

Hver er upphalds starfsmaðurinn þinn? Veit það ekki.

Hvaða árgangur sem þú hefur kennt er skemmtilegastur? Hahaha, get ekki svarað þessu.



Hver er Besti vinur þinn innan starfsmannahópsins? Hlynur og Bói.

Hvernig finnst þér maturinn í skólanum? Hann er fínn, verð allavega alltaf saddur í hádeginu.

Hvern forðast mest á göngunum? Hafdísi, hún er alltaf að skamma mig.



Vorferðalagið í myndum



Svanfríður Árný íþróttamaður ársins 2014



Tveir nemendur Grunnskólans í Sandgerði voru tilnefndir sem Íþróttamaður ársins í Sandgerði 2014.

Daníel Arnar Ragnarsson, Taekwondamaður í 8. GIG og Svanfríður Árný Steingrímsdóttir, sundkona í 10. BB. Auk þeirra voru Birkir Freyr Sigurðsson, knattspyrnumaður, Margrét Guðrún Svavarsdóttir, hnefaleikakona, Rúnar Ágúst Pálsson, körfuknattleiksmaður og Þór Ríkharðsson, kylfingur útnefnd.

Svanfríður Árný vann til fjölda verðlauna á árinu 2014 og þar með talda nokkra Íslandsmeistaratitla bæði í einstaklings- og sveitakeppni. Svanfríður Árný er ung og metnaðarfull sem sést kannski best á því að hún æfir 21 klukkustund á viku ásamt því að stunda nám í skólanum með sóma og taka þátt í félagslífi. Svanfríður Árný er góð fyrirmynd og er vel að þessum titli komin.



Þann 5. mars var kjörinu lýst við hátíðlega athöfn og var það engin önnur en Svanfríður Árný sem hlaut verðskuldaðan heiður og var útnefnd sem íþróttamaður ársins 2014.



Þegar ástin er ung verða spörin aldrei þung

Hvernig og hvar var fyrsti kossinn?

Óskar og Júlía: Á Sandgerðisdögum 2013, upp á hólnum fyrir framan sviðið.

Hvað eigið þið sameiginlegt?

Óskar og Júlía: Æfum bæði fótbolta, hlustum á sömu tónlist og erum jafn gömul.

Hvort ykkar splæsir oftar?

Óskar: Jafnt . Júlía: Ég, haha.

Hvað eru þið búin að vera lengi saman?

Óskar og Júlía: Eitt og hálf á.

Hver er kosturinn við að vera í sambandi?

Óskar og Júlía: Maður er aldrei einn og maður hefur alltaf einhvern til að hanga með.

En gallinn?

Óskar og Júlía: Enginn.

Hvað geri þið þegar þið eruð saman?

Óskar og Júlía: Horfa á myndir, fara í bíó, út að borða, gista og bara hanga saman.

Hvernig byrjuðu þið saman?

Óskar og Júlía: Haha, á snapchat.

love is...



Undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar

Undankeppni fyrir Stóru upplestrarkeppnina fór fram í skólanum, fimmtudaginn 12. mars. Nemendur í 7. bekk hafa verið við æfingar frá því í haust og var þetta lokapunktur keppninnar innan skólans. En tveir fulltrúar, auk eins varamanns munu nú hefja þjálfun fyrir keppni sem fram fer í Duushúsum, 24. mars næst komandi. Það voru þau Hildur Ýr Hafsteinsdóttir og Skúli Guðmundsson auk Kolbrúnar Evu Pálmadóttur varamanns, sem valin voru til að keppa fyrir hönd skólans.



Á myndinni eru; Fanney D. Halldórsdóttir, skólastjóri, Kolbrún Eva, Hildur Ýr og Skúli



Dómnefnd:

Elín Yngvadóttir, Fanney D. Halldórsdóttir, Hlynur Þór Valsson og Margrét Sigurvinsdóttir.

Ljóðið sem Skúli Guðmundsson las í keppninni vakti mikla athygli dómnefndar en það fangar anda keppninnar vel. Skúli sagðist hafa verið í erfiðleikum með að finna og velja ljóð til að flytja og þá hafi hann ásamt móður sinni, Lóu Gestsdóttur, ákveðið að semja ljóð.



Sandkorn fékk leyfi til að birta ljóðið hér.

Ég ætla að lesa fyrir ykkur ljóð
sem við mamma sömdum
á leiðinni heim til ömmu
að ná í ljóðabókina hennar mömmu

Við vorum á leiðinni heim til ömmu
að ná í ljóðabókina hennar mömmu
til að velja ljóð
fyrir upplesturinn hér

Þið heyrðið hér eflaust
hve mikill mömmu og ömmustrákur ég er
en stundum er það nú bara þannig
að maður verður að vera eins og maður
er

EN ...á leiðinni heim til ömmu
að ná í ljóðabókina hennar mömmu
var mamma að útskýra fyrir mér
að við lestur ljóðs í þessari keppni
yrði ég að vera eins og ég er

Lestu vel, hátt og skýrt
ekki eins og ofleikinn leikari
þú mátt ekki selja þig of dýrt
lestu eins og þú lest fyrir ömmu
og mömmu


Okkur datt þarna í hug
á leiðinni heim til ömmu
að ná í ljóðabókina hennar mömmu

að kannski væri betra
að semja okkar ljóð
ljóðið okkar mömmu


Lestu hægt og vel, hátt og
skýrt
stattu beinn og horfðu fram
láttu orðin sveima eins og þeim
sé stýrt
láttu þau svífa áfram

Lestu ljóðið en ekki leika
segðu sögu með hrynjanda
ekki lesa eins og þú sért að
feika
lestu meðal heyrenda

Öskudagur



Hver segir hvað?



F#\$ingfyndið



Drullukósý



Ég nenni ekki.



Ég er bestur.



Guð hjálpi þér.



Ertu tregur?




Eruð þið að grínast strákar?



- Ó, ég hélt það



Hvað er títt félagi?



Peppaður í Fluffy



Mér er alveg sama.





Á ég að skalla þig?



Þegiðu



Ojj gaur.



Ég var á morgunæfingu



Ein spurning?



Hefur þú séð þennan gaur?



Calm yo tatas




Ertu vangefinn?



Nei djók.




Viltu glas?



Á ég að hjálpa þér?



K



Þessi gæl?



Holy tits!



Hvað gerði ég nú?



Ég á klink.



Hvað er að frella?





Hvað ber framtíðin í skauti sér?



Ársæll Kristinn Björnsson

Hann æfir áfram fótbolta. Þegar hann verður 17 ára kemst hann í landsliðið og þegar hann verður 19 fær hann samning með Newcastle, eftir 4 ár þar fær hann samning með Manchester United. Og vinnur Ballon D'or 2023 sem besti fótboltamaðurinn. Hann eignast konu og á með henni tvö börn.

Daníel Þór Ásgeirsson

Daníel veit ekki alveg hvað hann vill gera fyrstu árin eftir grunnskóla en þegar hann verður 24 ára ákveður hann að stofna sitt eigið fyrirtæki og framleiða BMX hjól. Eftir 10 ár hættir hann að selja önnur hjól og og byrjar að hanna sín eigin hjól til að selja. Þau slá í gegn og hann verður milljónamæringur.

Elvar Örn Stefánsson

Hann fer í Borgarholtskóla og útskrifast þaðan með glæsibrag. Eftir útskrift vinnur hann 25 milljónir í lottói og notar þann pening til að stofna sitt eigið fyrirtæki sem bílaframleiðandi. Hann malar gull og nýtur mikillar velgengni.

Eypór Elí Ólafsson

Eypór verður frægur körfuboltamaður. Hann gengur til liðs við Njarðvík 17 ára. Sex árum síðar fær hann samning með Miami Heat en honum gengur ekki vel þar og eftir eitt ár fer hann í Timberwolfs. Þar byggir hann sig upp og lýkur ferlinum í San Antonio Spurs og verður heimsmeistari þrisvar. Hann eignast konu 27 ára og eignast 2 börn með henni.

Gabija Staselyte

Hún stofnar dansskóla á Akureyri með Shezil og nýtur hún mikillar velgengi. Þó hefur hún lítinn áhuga á að verða rík og gefur mestmegnis af auð sínum til góðra mála. Hún eignast mann á ungum aldri (21) og eignast 2 börn með honum.

Guðríður Elísabet Elíasdóttir

Hún heldur áfram að æfa fótbolta og snemma fær hún samning hjá Arsenal og síðar Everton. Þegar hún verður 26 ára slær hún í gegn og semur við Barcelona. Á Spáni hittir hún mann sem hún byrjar með og giftist og eignast með honum 3 börn.

Guðrún Lía Ingpórsdóttir

Hún lætur draum sinn rætast og verður grínisti. Hún leikur í mörgum gamanmyndum með mörgum leikurum þ.á.m. Kevin Hart, Jim Carrey, Jack Black, Adam Sandler o.fl. Hún byrjar með gömlum skólafélaga. Saman eignast þau 2 börn.

Guðvarður F. Helgason

Hann lifir bara eðlilegu lífi. Eignast konu og fimm börn. Hann verður atvinnumaður í pílu og á og rekur píluhús ásamt því að þjálfa krakka í píluþróttinni.

**Gunnþór
Sigurgeirsson**

Hann kemst í körfubolta liðið hjá Keflavík. Eftir 2 ár þar fer hann í háskóla í Ameríku og verður valinn í körfuboltaliðið þar. Í frítímanum sínum vinnur hann á McDonalds og finnur þar upp heims frægan hamburgara sem kemur honum á kortið. Hann verður ríkur og frægur og endar með að eignast McDonalds fyrirtækið.

**Hanna Margrét
Jónsdóttir**

Hún vinnur Ísland got talent 2018. Hún flytur svo til Hollywood og fær samning hjá Young Money Records. Hún giftist frægum rappara og þau eignast 4 börn. Áhuginn á fótboltanum dvínar aldrei og fer hún aftur til Íslands til þess að þjálfa kvennalandsliði við góðan orðstír.

**Ingibjörg Fríða
Margeirsdóttir**

Hún heldur áfram að synda og kemst á ólympíuleikanna og vinnur gullið fjórum sinnum, þrjú silfur, og eitt brons. Hún slær líka heimsmet í 200 metra bringusundi. Hún hittir ástina á leikunum og giftist með börn og buru.

**Júlía Rut
Sigursveinsdóttir**

Hún æfir fótbolta og kemst í íslenska landsliðið þegar hún verður 19 ára og spilar sem atvinnumaður í Englandi þar til hún verður 33 ára og hættir á toppnum. Hún og Óskar giftast og eignast 6 börn. Tvö sett af þríburum.

**Júlíus Davíð
Júlíusson Ajayi**

Hann verður atvinnumaður í fótbolta. Hann fer á 4 ára samning hjá Liverpool og brillerar þar. Hann verður player fyrstu árin en hittir svo draumadísina í áhorfendastúkunni þegar hann er meiddur og þau giftast og eignast fimm börn. Hann leggur skóna á hilluna og flytur síðan aftur til Íslands og hjálpar mömmu sinni að rækta ketti.

**Karen Mist
Gísladóttir**

Hún verður listmálari og myndlistakennari í Grunnskólanum í Sandgerði og verður valin skemmtilegasti kennari aldarinnar. Hún mun selja fullt af málverkum bæði á Íslandi og erlendis og græða fullt af peningum. Hún ferðast mjög mikið erlendis og kynnist flugmanni og verða þau ástfangin.

**Óskar
Arnarsson**

Hann verður flugmaður á einkaþotu hjá Justin Bieber og Júlía konan hans verður flugfreyja í einkaþotunni. Hann vinnur sem model hjá Calvin Klein í aukavinnu og allar stelpurnar hlaupa á eftir honum til að sjá magavöðvana

**Óskar Marínó
Jónsson**

Hann ákveður að byrja aftur að spila golf og stendur sig vel. 31 árs giftir hann sig og eignast 3 börn. 36 ára verður hann fyrsti Íslendingurinn til að komast í PGA mótið. En vinnur því miður ekki en fær silfur þegar hann kemst aftur í mótið þegar hann verður 42 ára.

**Rakel Rós
Ágústsdóttir**

Hún byrjar sem uppistandari á litlum pöbbum á Íslandi. Fljótlega hreppir hún aðalhlutverk í bíómynd sem slær í gegn og eftir það slær hún í gegn og getur valið hvaða hlutverk sem er í Hollywood. Nokkrum árum síðar ákveður hún að gerast fatahönnuður í París en heldur þó áfram að leika til æviloka.

**Rannveig Ósk
Hjaltadóttir**

Klárar framhaldsskóla á methraða og brunar beint í Listaháskólann. Þar slær hún í gegn fyrir listaverk sín og er boðin kennarastaða við skólann áður en hún útskrifast. Hún tekur ekki stöðunni heldur ákveður að flytja til Parísar og lifa listamannalífi þar.

**Rebekka Rún
Engilbertsdóttir**

Hún klára framhaldskólann á Íslandi og stingur svo af til New York og lærir lögfræði í háskóla þar. Hún kynnist hinum eina rétta og vill ekki fara aftur til Íslands. Hún verður afbragsgóður lögfræðingur í New York en verður líka þekkt sem mikill íþróttagarpur og lendir í 2.sæti í model fitness.

**Sandra Dís
Arnarsdóttir**

Verður rithöfundur og skrifar margar bækur sem njóta mikillar hylli bæði hérlendis og erlendis. Hún eignast mann þegar hún er 20 og eignast tvíbura. Hún hlýtur fálkaorðu Íslands fyrir störf sín sem rithöfundur.

**Shezil Lim
Rivera**

Hún og Gabija stofna dansskóla saman á Akureyri. Það gengur mjög vel og verða þær fljótt ríkar en ákveða að gefa 50% af peningnum til góðgerðamála. Shezil eignast mann þegar hún er 33 ára og eignast 5 börn.

**Sigríður Ásta
Sigurbjörnsdóttir**

Á unga aldri fer hún að vinna í íþróttahúsinu og verður einkaþjálfari í ræktinni. Hún nýtur mikillar velgengni í þeim geira og er boðið að vinna með Biggest Loser en hafnar boðinu því hún vill ekki verða fræg. Þegar hún verður 27 eignast hún mann og eignast með honum einn dreng.

**Snæfríður Una
Pétursdóttir**

Snæfríður Una verður dýralæknir í New York og tekur að sér heimilislaus dýr. Hún stofnar dýragarð með maka sínum. Hún ættleiðir strák og skírir hann Jónas Snæfríðarson. Þegar hún verður orðin gömul og grá þá kemur hún aftur til Íslands og stofnar dýraathvarf.

**Sunna Líf
Ingadóttir**

Ákveður að fara í FS en finnur sig ekki þar og færir sig yfir í FB að læra snyrtifræði. Hún útskrifast þar sem snyrtifræðingur og opnar hand- og fótisnyrtistofu, hún eignast tvo stráka með eiginmanninum sínum og verður hamingjusöm til æviloka.

**Svanfríður Á.
Steingrímsdóttir**

Hún keppir fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum og nær ótrúlegum árangri í greininni. Eftir nokkur ár flytur hún til Japans og fer þar í háskóla á skólastyrk vegna sundsins. Hún starfar einnig sem sundmódel og verður fyrirmynd barna víðs vegar um heim allan.

**Svavar Steinn
Guðnason**

Hann velur að fara í FS og fer á íþróttabraut. Hann verður frægur einkaþjálfari en mætir stundum á körfuboltaæfingar hjá Reyni því hann komst ekki í liðið hjá Njarðvík. Konan hans segir að hann þurfi að bæta sig og hann tekur sig í gegn og kemst í Njarðvíkurliðið og endar í NBA hjá LA Lakers. Hann flytur þangað með konunni sinni og einu barni. Þar lifir hann góðu og farsælu lífi.

**Porgils Haukur
Björgvinsson**

Hann starfar með björgunarsveitinni og verður fljótt mikils virtur vegna starfs síns þar. Hann bjargar fullt af fólki m.a. konu sem hann seinna byrjar að hitta og þau byrja saman og eignast saman eitt barn. Hann stofnar tölvufyrirtæki og verður frumkvöðull á því sviði.

**Þórlindur
Jóhannsson**

Hann verður frægur Youtuber. Fer að vinna með Syndicate og býr til nýjan tölvuleik með Mojang. Hann hittir konu sína í gegnum tölvuleik á netinu og þurfa þau að hafa samband í gegnum Skype. Og eftir nokkur ár fer Þórlindur til Englands og þau giftast þar en vilja hvorugt flytja úr landi sínu þannig þau halda áfram sambandi sínu á Skype og skiptast á að fara til hvors annars.





Sebastian Hubert Klukowski útskrifaðist frá Grunnskólanum í Sandgerði vorið 2014. Sandkorn fékk Sebastian til að deila með okkur hugrenningum sínum um lífið eftir grunnskólann og hvort hann eigi góð ráð í pokahorninu.

Kæru útskrifanemar

Það hefur svo sannarlega mikið breyst eftir grunnskóla. Það var leiðinlegt að þurfa að kveðja gamla skólann sinn og alla skemmtilegu kennarana úr grunnskólanum. Í grunnskólanum þekkti maður krakkana og alla kennarana mjög vel. Nú er allt orðið öðruvísi hjá mér, námið er orðið þyngra og meiri kröfur gerðar til manns.

Ég fór í Fjölbautaskóla Suðurnesja (FS) eins og lang flestir úr bekknum mínum og því sé ég krakkana úr gamla bekknum mínum á hverjum degi sem er frábært, en þó saknar maður auðvitað krakkanna sem fóru í skóla í bænum. Ég valdi FS einfaldlega vegna þess að hér bauðst mér tækifæri til að klára skólann fyrr. Ég kaus að fara á hraðbraut en þar er stúdentsprófið klárað á þremur árum en ekki fjórum eins og algengast er. Því fylgir að sjálfsgöðu mikil vinna og kennarar gera miklar kröfur til þín.

Hraðbrautin er einfaldlega bekkur. Í honum eru krakkar sem hafa áhuga á því að klára skólann fyrr. Krakkarnir í bekknum mínum eru mjög skemmtilegir og ég eignaðist fljótt vini. Í bekknum mínum eru 25 krakkar og af þessum 25 nemendum er bara fjórir strákar. Það getur verið stundum leiðinlegt að vera bara með stelpum í tímum og við strákarnir erum sammála um að það mætti bæta fleiri strákum inn í bekkinn.

Að fara í framhaldsskóla er stórt stökk. Þú berð meiri ábyrgð á náminu þínu og námið verður erfiðara en ef þú ert vel undirbúinn, metnaðarfullur og skipulagður er þetta ekkert mál. Skipulag er það mikilvægasta í framhaldsskóla. Það koma tímar á önninni þar sem það er brjáláð að gera og því verður maður að vera klár í því að skipuleggja sig og nýta tímann sem maður hefur sem best. Ég tel að grunnskólinn í Sandgerði hafi undirbúið mig vel fyrir framhaldið, þegar þú ert með góðan grunn í því sem þú ert að fara að læra verður námið og skólagangan í heild mikið auðveldari og skemmtilegri. Nú er ég búinn að vera í framhaldsskóla í eina og hálfu önn, þetta er búíð að vera krefjandi en að sama leyti ótrúlega skemmtilegt. Ég er búinn að kynnast fullt að nýju fólki og hef lært mjög margt sem tengist ekkert endilega náminu beint.

Ég mæli eindregið með FS. Skólinn býður upp á marga möguleika og námsleiðir. Félagslífið er skemmtilegt og það er margt að gerast yfir önnina, ég sjálfur kynntist mjög skemmtilegum krökkum og það er alltaf gaman að vera í skólanum. Það verður skemmtilegt að fá fleiri Sandgerðiskrakka í skólann og ég hlakka til að sjá ykkur á næstu önn.

**Kveðja,
Sebastian Hubert Klukowski**



Þórunn Tryggva (Amma Tóta)

Hver er uppáhalds nemandinn í 10.bekk? Svavar Steinn, því hann benti á sig, hahaha.

Hvað er skemmtilegast við starfið? Fjölbreytnin.

En leiðinlegast? Ekkert leiðinlegt við starfið.

Hvað vildir þú verða áður en þú byrjaðir hér? Ekki kennari, flugfreyja eða hjúkrunafræðingur, hahaha.

Afhverju varstu kennari? Fór í kennaraskólann til að stríða mömmu minni í byrjun en fannst þetta svo skemmtilegt.

Hvað er uppáhaldsfagið þitt? Íslenska.

Hver er uppáhalds starfsmaðurinn þinn? Ragga og Bylgja.

Hvaða árgangur sem þú hefur kennt er skemmtilegastur? 1969.

Hver er besti vinur þinn innan starfsmannahópsins? Ragga og Bylgja.

Hvernig finnst þér maturinn í skólanum? bara ágætur.

Hvern forðast mest á göngunum? Sunnu, haha, nei djók, ég forðast engan.

Orðabók foreldranna:

- ◇ Taktu til
- ◇ Taktu úr uppþvottavélinni
- ◇ Farðu að læra
- ◇ Komdu þér á fætur
- ◇ Búðu um rúmið þitt
- ◇ Farðu nú að sofa
- ◇ Hættu í símanum/tölvunni
- ◇ Kláraðu matinn þinn
- ◇ Þegar ég var á þínum aldri...
- ◇ Ætlar þú að klæðast þessu?
- ◇ Unglingar nú til dags
- ◇ Heldur þú að peningar vaxi á trjám!?
- ◇ Skutla þér? Helduru að ég sé leigubíll!?
- ◇ Er ekki hægt að horfa á eitthvað skemmtilegra en þetta?
- ◇ Ég er enginn einkaþjónn, gerðu þetta sjálf/ur
- ◇ Hvernig virkar þetta app? Viltu kenna mér á það?

Lagnir og Þjónusta ehf.

S.8243410-8243411

- Alhliða pipulagnir
- Lagnamyndavél
- Stíflupjónusta
- Hitamyndavél

pipulogn@pipulogn.is pipulogn.is



Ragga

Hver er uppáhalds nemandinn í 10.bekk? Á engan uppáhalds nemanda.

Hvað er skemmtilegast við starfið? Vera með krökkunum.

En leiðinlegast? Fara yfir próf.

Hvað vildir þú verða áður en þú byrjaðir hér? Leynilögga.

Afhverju varstu kennari? Þegar ég var búin að læra félagsfræði þá prufaði ég að vera kennari, Mér fannst það svo gaman svo ég tók kennsluréttindi líka.

Hvað er uppáhaldsfagið þitt? Þjóðsfélagsfræði.

Hver er uppáhalds starfsmaðurinn þinn? Ég er á svo æðislegum vinnustað, það eru svo flottir starfsmenn að ég get ekki gert upp á milli.

Hvaða árgangur sem þú hefur kennt er skemmtilegastur? Alltaf sá árgangur sem ég er að kenna hverju sinni er lang skemmtilegastur.

Hver er besti vinur þinn innan starfsmannahópsins? Þau eru svo margir en til dæmis Bylgja og Þórunn.

Hvernig finnst þér maturinn í skólanum? Ekkert sérstaklega spennandi þar sem ég get ekki borðað hann núna.

Hvern forðast mest á göngunum? Ég er helst ekki á göngunum svo ég er ekki að forðast neinn.

Stjörnukíkir að gjöf

Erla Jóna og Fúsi komu færandi hendi í skólann á dögnum þegar þau færðu honum forláta stjörnukíki að gjöf. Án efa mun kíkirinn nýtast vel til kennslu um himingeiminn í náttúrufræði. Hjartans þakkir fyrir kæru velunnarar.



stefnumót
art & culture café


Það gerist margt á langri skólagöngu og sumt gleymist aldrei á meðan annað fellur í gleyskunnar dá.

Umsjónakennarar útskriftarárgangsins í ár, þau Bylgja Baldursdóttir og Örn Ævar Hjartarson tóku saman nokkur eftirminnleg atriði úr skólagöngu nemenda sinna.



Við munum eftir:

- óvæntu afmælisveislunni fyrir Einar Svein.
- söngnum hjá Júlla og Ársæli í tjaldútilegunni.
- þegar rúðan var brotin í Skagafirðinum.
- snjóstríðinu við 7. ÖÆH. Allir kaffærðir!
- nýjum umsjónarkennara í bekknum, aftur og aftur og aftur og aftur.
- hæfileikakeppninni í 6. bekk.
- Gróu deginum.
- námsmaráttunum og hálfur bekkurinn í straffi í sundi þegar átti að fara í sund.
- Harlem Shake-inu ykkar.
- kraftgöngunni á Glerártorg og tilbaka í skólaferðalaginu.
- þegar þið sýnduð samstöðu og voruð öll geimverur á öskudaginn.
- flottri nefndarvinnu á Skólapinginu.
- fjallgöngunum á Ingólfsfjall og Keili.
- kennaragrininu ykkar.
- þegar þið snéruð við stofunni.
- ferðinni á Reyki.
- þegar við hittum Georg úr Stellu í Orlofi á flugminjasafninu.
- þegar Sigmar Guðmundsson var spurður í RÚV. *Ert þú gaurinn sem leikur í Útsvari?*



Kæri 10. bekkur. Þessi ár hafa verið mjög áhugaverð. Við höfum upplifað ýmislegt gott og annað sem betur hefði mátt fara. Temjið ykkur að vera alltaf besta útgáfan af sjálfum ykkur. Hafið trú á því sem þið eruð að gera.





Hvað veistu um vin þinn?

Þær Kristín Fjóra og Ingibjörg Anna úr 9. AKE spreyta á spurningum blaðamanna Sandkorn og reyna á hversu mikið þær vita hvor um aðra.

Kristín Fjóra um Ingibjörgu Önnu

(Rétt svör Ingibjargar Önnu eru í sviga eftir spurningarnar.)

Kristín um Ingibjörgu.

1. Hver er eftirlætis liturinn hennar? (uh.. hvítur)

Svartur?

2. Hver er eftirlætis maturinn hennar? (Pizza)

Örugglega pizza.

3. Ronaldo, Neymar Eða Messi? (Neymar)

Ronaldo.

4. Eftirlætis íþrótt? (Körfubolti)

Körfubolti.

5. Eftirlætis lið? (Liverpool)

Liverpool.

6. Kobe Bryant eða LeBron James? (LeBron James)

LeBron.

7. ASAP Mob eða Taylor gang? (ASAP Mob)

ASAP.

8. Uppáhalds þættir? (One Tree Hill)

Oh... One Tree Hill.

9. Uppáhalds mynd? (Loving Basketball)

Um... If I Stay?

10. Hvað vill hún verða í framtíðinni? (Ég veit það ekki)

Heimsmeistari í körfubolta.

11. Apple eða Android? (Apple)

Apple.

12. Hvert er eftirlætis lagið hennar? (Vá, ég veit það ekki)

Eitthvað með ASAP.

13. Hvaða dýr er í uppáhaldi hjá henni? (Hundur)

Hm... Hundur.

14. Uppáhalds leikari/leikkona? (Jim Carrey)

Tom Hanks.

15. Hvaða tölvuleik spilar hún helst? (GTA)

GTA.

16. Hvaða söngvara/sönkonu heldur hún mest uppá? (Drake)

Adam Levine.

17. Justin Bieber eða 1D? (One Direction)

One Direction.

18. Chrome eða Firefox? (Chrome)

Chrome.

19. Hversu lengi hafið þið verið vinir? (Frá því í 4. bekk)

Síðan í 4. bekk.

20. Eftirlætis bók? (Kvöldbók Línu)

Les hún bækur?... ég segi bara... Kjaftað um kynlíf.

Ingibjörg Anna um Kristínu Fjólu

(Rétt svör Kristínar Fjólu eru í sviga eftir spurningarnar.)

1. Hver er eftirlætis liturinn hennar? (Blár)

Segjum bara svartur.. Nei! Það er blár!

2. Hver er eftirlætis maturinn hennar? (Pizza)

Úff! Pizza.

3. Ronaldo, Neymar Eða Messi? (Ronaldo)

Messi.

4. Eftirlætis íþrótt? (Körfubolti)

Körfubolti.

5. Eftirlætis lið? (Liverpool)

Liverpool.

6. Kobe Bryant eða LeBron James? (LeBron James)

LeBron James.

7. ASAP Mob eða Taylor gang? (ASAP Mob)

ASAP Mob.

8. Uppáhalds þættir? (Supernatural)

Hún var að seigja mér það, Supernatural.

9. Uppáhalds mynd? (Forrest Gump)

Um... Veit ekki?

10. Hvað vill hún verða í framtíðinni? (Taugasálfræðingur)

Taugasálfræðingur.

11. Apple eða Android? (Apple)

Apple.

12. Hvert er eftirlætis lagið hennar? (Read All About It – Emeli Sande)

Veit það ekki.

13. Hvaða dýr er í uppáhaldi hjá henni? (Hestur)

Köttur.

14. Uppáhalds leikari/leikkona? (Jim Carrey)

Umm... ég veit það ekki.

15. Hvaða tölvuleik spilar hún helst? (GTA)

GTA örugglega.

16. Hvaða söngvara/sönkonu heldur hún mest uppá? (Emeli Sande)

Veit ekki.

17. Justin Bieber eða 1D? (Hvorugt)

One Direction.

18. Chrome eða Firefox? (Firefox)

Chrome örugglega.

19. Hversu lengi hafið þið verið vinir? (Síðan í 4. Bekk)

Frá því í 4. bekk.

20. Eftirlætis bók ? (Bara allar bækurnar)

Ekki hugmynd.

Eftirtalin fyrirtæki styrktu útgáfu þessa blaðs og kunnnum við þeim bestu þakkir fyrir:

Smur- og hjólbarðapjónustan

Pulsuvagninn hjá Villa og Ingu

Toyota—Reykjanesbæ

Lagnir og þjónusta

Mamma mía

Byko

Zpes

